

L Ö G

um tímareikning á Íslandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hvarvetna á Íslandi skal telja stundir árið um kring eftir miðtíma Greenwich.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 7. apríl 1968 kl. 01.00, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 35 16. nóvember 1907, um ákvörðun tímans, og lög nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneyti Íslands til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, svo og reglur settar samkvæmt þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 5. apríl 1968.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Jóhann Hafstein.

L Ö G

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 32. gr. laganna orðist þannig:

Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárins fara eftir íbúafjölda. Skal árlegt framlag vera $12\frac{1}{2}$ af hundraði af heildartekjum vegamála það ár samkv. XIV. kafla laga þessara. Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir.

2. gr.

85. gr. laganna orðist þannig:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 4.67 af hverjum litra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sbr. þó 92. gr.